

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1999/4/EB

frá 22. febrúar 1999

um kaffikjarna og síkóríukjarna(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 8. desember 1998,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Rétt er að einfalda tiltekna lóðrétt tengdar tilskipanir á sviði matvæla svo að eingöngu sé tekið tillit til grunnkrafta, sem gerðar eru til þeirra vara sem falla undir tilskipanirnar, svo að flutningar viðkomandi vara verði greiðir á innri markaðnum, í samræmi við niðurstöður fundar Evrópu-ráðsins sem haldinn var í Edinborg 11. og 12. desember 1992, og sem staðfestar voru með niðurstöðum fundar Evrópuráðsins í Brussel 10. og 11. desember 1993.

Tilskipun ráðsins 77/436/EBE frá 27. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kaffikjarna og síkóríukjarna ⁽⁴⁾ var rökstudd með því að sá munur sem væri milli innlendrar löggjafar um kaffikjarna og kaffifílskjarna (síkóríukjarna) gæti leitt til ójafna samkeppnisskilyrða sem væru líkleg til þess að villa um fyrir neytendum og gætu þess vegna haft bein áhrif á tilkomu og starfsemi hins sameiginlega markaðar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjútíð. EB L 66, 13.3.1999, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB C 231, 9. 8. 1996, bls. 24.

⁽²⁾ Stjútíð. EB C 56, 24. 2. 1997, bls. 20.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 23. október 1997 (Stjútíð. EB C 339, 10. 11. 1997, bls. 129), sameiginleg afstaða ráðsins frá 30. apríl 1998 (Stjútíð. EB C 204, 30. 6. 1998, bls. 25) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. september 1998 (Stjútíð. EB C 313, 12. 10. 1998, bls. 90). Ákvörðun ráðsins frá 25. janúar 1999. Ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. febrúar 1999.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 172, 12. 7. 1977, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1985.

Tilskipun ráðsins 77/436/EBE var því samin í því skyni að skilgreina kaffikjarna og kaffifílskjarna, að ákvarða hvaða efnur er heimilt að bæta í vörurnar meðan á framleiðslu þeirra stendur, að setja almennar reglur um þökkun og merkingu slíkra vara og að tilgreina með hvaða skilyrðum heimilt er að nota sérstök heiti fyrir sumar af þessum vörum þannig að frjálsir flutningar þeirra innan bandalagsins verði tryggðir.

Laga ber tilskipun 77/436/EBE að almennri löggjöf bandalagsins um matvæli, einkum löggjöfinni um merkingu og greiningaraðferðir.

Framkvæmdastjórnin áformar að leggja til, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. júlí 2000, að í tilskipun 80/232/EBE ⁽⁵⁾ verði kveðið á um mismunandi þyngdar-flokka þeirra vara sem eru skilgreindar í tilskipuninni.

Hinar almennu reglur um merkingu matvæla sem settar voru fram í tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda ⁽⁶⁾, ættu að gilda að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Samkvæmt meðalhófsreglunni er ekki gengið lengra með tilskipuninni en nauðsyn krefur til þess að settum markmiðum verði náð, til samræmis við 3. mgr. 3. gr. b í sáttmálanum.

Við frekari aðlögun þessarar tilskipunar að almennum ákvæðum bandalagsins um matvæli mun framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun 69/414/EBE ⁽⁷⁾.

Til að koma í veg fyrir að nýjar hindranir skapist gegn frjálsum vöruflutningum ættu aðildarríkin ekki að samþykkja innlend lagaákvæði, sem varða viðkomandi vörur, og sem er ekki kveðið á um í þessari tilskipun.

SAMBÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 51, 25. 2. 1980, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 87/356/EBE (Stjútíð. EB L 192, 11. 7. 1987, bls. 48).

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB L 33, 8. 2. 1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/4/EB (Stjútíð. EB L 43, 14. 2. 1997, bls. 21).

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.

1. gr.

Þessi tilskipun tekur til kaffikjarna og kaffifífilskjarna samkvæmt skilgreiningu í viðaukanum.

Þessi tilskipun gildir ekki um „café torrefacto soluble“.

2. gr.

Tilskipun 79/112/EBE gildir um þær vörur sem eru skilgreindar í viðaukanum, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- a) Vöruheitin sem eru skráð í viðaukanum skulu aðeins notuð yfir þær vörur sem getið er um þar og skulu notuð í viðskiptum til auðkenningar. Eftir því sem við á skal bæta við heitin orðunum:

- „deig“ eða „í deigformi“ eða
- „vökvi“ eða „í vökvaformi“.

Við vöruheitin er þó heimilt að bæta hugtakinu „þykkt“:

- þegar um er að ræða vöru sem er skilgreind í c-lið 1. liðar í viðaukanum, að því tilskildu að innihald kaffipurrefnis sé meira en 25% miðað við þyngd,
- þegar um er að ræða vöru sem er skilgreind í c-lið 2. liðar í viðaukanum, að því tilskildu að innihald kaffifífilspurrefnis sé meira en 45% miðað við þyngd.

- b) Í merkingunni skal koma fram hugtakið „kaffín-sneyddur“ þegar um er að ræða vörur sem eru skilgreindar í 1. lið viðaukans, að því tilskildu að innihald af vatnsfirtra kaffíni fari ekki yfir 0,3% miðað við þyngd kaffipurrefnis þess. Þessum upplýsingum skal komið þannig fyrir að þær sjáist um leið og vörulýsingin.

- c) Þegar um er að ræða vörur sem eru skilgreindar í c-lið 1. liðar og c-lið 2. liðar í viðaukanum verða hugtökin „með . . .“, „varið skemmdum með . . .“, „með viðbættu . . .“ eða „brennt með . . .“ að koma fram á merkimiðanum og á eftir fylgi heiti þeirra(r) sykrutegunda(r) sem er/eru notuð/notaðar.

Þessum upplýsingum skal komið þannig fyrir að þær sjáist um leið og vörulýsingin.

- d) Þegar um er að ræða vörur sem eru skilgreindar í b- og c-lið 1. liðar í viðaukanum verður í merkingu að koma fram lágmarksinnihald kaffipurrefnis og þegar um er að ræða vörur sem eru skilgreindar í b- og c-lið 2. liðar í viðaukanum verður að koma fram lágmarksinnihald kaffifífilspurrefnis. Innihaldið skal gefa upp sem hundraðshluta þyngdar af fullunninni vöru.

3. gr.

Þegar um er að ræða vörur sem eru skilgreindar í viðaukanum skulu aðildarríkin ekki samþykkja innlend ákvæði sem er ekki kveðið á um í þessari tilskipun.

4. gr.

Sú ákvörðun að samræma þessa tilskipun almennum ákvæðum bandalagsins sem gilda um matvæli skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5 gr.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvæli, hér á eftir kölluð „nefndin“, sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna og er undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

6. gr.

Tilskipun 77/436/EBE fellur úr gildi frá og með 13. september 2000.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. september 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Lögum og stjórnslufyrirmælum skal beita þannig að:

- markaðssetning þeirra vara, sem eru skilgreindar í viðaukanum, sé heimiluð frá og með 13. september 2000, enda samræmist þær þeim skilgreiningum og reglum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun,
- markaðssetning vara, sem uppfylla ekki ákvæði þessarar tilskipunar, sé bönnuð frá og með 13. september 2001. Hins vegar er markaðssetning vara, sem samræmast ekki þessari tilskipun en eru merktar fyrir 13. september 2001 í samræmi við tilskipun 77/436/EBE, heimiluð þar til vörubirgðir eru uppnar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu samþykkja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. febrúar 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

K.-H. FUNKE

forseti.

VIDAUKI

VÖRULÝSINGAR, SKILGREININGAR OG EIGINLEIKAR

1. „Kaffikjarni“, „leysanlegur kaffikjarni“, „leysanlegt kaffi“ eða „kaffiduft“

Þykkni sem er fengið með útdrætti úr brenndum kaffibaunum með því að nota einungis vatn við útdráttinn og er þá útilokuð öll vinnsla með vatnsrofi, þar sem notuð er viðbætt sýra eða basi. Að frátöldum þeim óleysanlegu efnum, sem er tæknilega ógerlegt að fjarlægja, og óleysanlegum olíum úr kaffi má kaffikjarni eingöngu innihalda leysanlegu og arómatísku innihaldsefnin úr kaffi. Aðildarríkin skulu tryggja að þær aðferðir, sem eru notaðar til þess að ákvarða óbundið innihald og heildarinnihald kolvetnis í leysanlegu kaffi, séu í samræmi við 1. og 2. mgr. í viðaukanum við tilskipun ráðsins 85/591/EBE frá 20. desember 1985 um að koma á bandalagsaðferðum við sýnatöku og greiningu vegna matvælaeftirlits ⁽¹⁾, og að þær séu löggildar eða staðlaðar eða verði það svo fljótt sem við verður komið.

Innihald kaffiþurrefnis skal vera:

- a) ekki minna en 95% miðað við þyngd þegar um þurrkaðan kaffikjarna er að ræða;
- b) 70% til 85% miðað við þyngd þegar um kaffikjarnadeig er að ræða;
- c) 15% til 55% miðað við þyngd þegar um kaffikjarna í vökvaformi er að ræða.

Kaffikjarni í föstu formi eða deigformi má ekki innihalda önnur efni en þau sem eru fengin með útdrætti úr kaffi. Fljótandi kaffikjarni má þó innihalda ætar sykrur, brenndar eða óbrenndar, en ekki meira en 12% miðað við þyngd.

2. „Kaffifílskjarni“, „leysanlegur kaffifíll (leysanleg síkoría)“ eða „kaffifílsduft“

Þykkni sem er fengið með útdrætti úr brenndum kaffifílli með því að nota einungis vatn við útdráttinn og er þá útilokuð öll vinnsla með vatnsrofi, þar sem notuð er viðbætt sýra eða basi.

Með „kaffifílli“ er átt við rætur *Cichorium intybus* L., sem eru ekki notaðar við framleiðslu á jólasalati, og eru hæfilega hreinsaðar svo að þær megi brenna eða þurrka og sem eru venjulega notaðar í framleiðslu á drykkjarvörum.

Innihald kaffifílsþurrefnisins skal vera:

- a) ekki minna en 95% miðað við þyngd þegar um þurrkaðan kaffifílskjarna er að ræða;
- b) 70% til 80% miðað við þyngd þegar um kaffifílskjarnadeig er að ræða;
- c) 25% til 55% miðað við þyngd þegar um kaffifílskjarna í vökvaformi er að ræða.

Þyngd efna, sem eru ekki úr kaffifílli, má í kaffifílskjarna í föstu formi eða deigformi mest vera 1%.

Kaffifílskjarni í vökvaformi má innihalda ætar sykrur, brenndar eða óbrenndar, en ekki meira en 35% miðað við þyngd.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 372, 31. 12. 1985, bls. 50.